

# STARFSLEYFI

fyrir smurstöð

N1 ehf.

kt. 4110033370

Reykjavíkurvegur 54, Hafnarfjörður

Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness veitir leyfi samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Leyfið gildir frá 5.3.2025 til 4.3.2029

Leyfið er gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir, hverju sinni, sé fylgt.

## Gildissvið

Leyfið tekur til reksturs smurstöðvar, sbr. ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. og lið 7.7 um smurstöðvar í X. viðauka við sömu reglugerð.

## Almennar kröfur

Við reksturinn ber að fylgja ákvæðum sem fram koma í:

- Reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti.
- Reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs.
- Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.
- Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

## Kröfur er varða mengunarvarnir

Við reksturinn ber að fylgja ákvæðum er varða mengunarvarnir sem fram koma í starfsleyfisskilyrðum fyrir smurstöðvar, sbr. *fylgiskjal 1*.

## Eftirlit

Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum X. kafla reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Eintök af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna. Starfsleyfið er bundið kennitölu og ofangreindu aðsetri starfseminnar. Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varðar geta ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara.

Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness  
Kópavogur, 20. mars 2025

